

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 41/2000
frá 19. maí 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 28/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1931/1999 frá 9. september 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu ber að fella niður aðlögunarliðið við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **399 R 1931:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1931/1999 frá 9. september 1999 (Stjtið. EB L 240, 10.9.1999, bls. 3).“

2. Framlengingin á aðlögunartímanum fyrir Austurríki falli niður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 240, 10.9.1999, bls. 3.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1931/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 20. maí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. maí 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.